

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal miðast við að vera heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.036 með virðisaukaskatti. Innifalin er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal vera kr. 6.036 með virðisaukaskatti fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og akstur.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fôðrunar og hýsingar búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis m.v. 1. nóvember hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. september 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.